

Bankastjórnin skal gjöra stjórnarráðinu aðvart í hvert skipti sem yfir 50,000 krónur eru í sjóði í fjehirzlu þeirri, þar sem daglegt starfstje landssjóðs er geymt, til þess að stjórnarráðið geti þá ráðstafað þeim á viðeigandi hátt. Vanti peninga til að standast nauðsynleg útgjöld landssjóðs gjörir landsbankinn sömu leiðis stjórnarráðinu strax viðvart um það.

Sú deild landsbankans, er hefir störf landfógeta á hendi, kallast
GJALDKERI LANDSSJÓÐS,
og hefir hún rjett til að nota þjónustufrímerki.

Allar kvittanir fyrir innborgunum í bankann á landssjóðs fje eða öðru fje, er bankinn innheimtir eða veitir móttöku samkvæmt 1. gr., eru skuldbindandi fyrir bankann, ef þær eru undirskrifaðar af þeim starfsmanni bankans, er bankastjórnin hefir falið að annast störf þessi.

Í stjórnarráði Íslands, 20. desember 1904.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Firma-tilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903 um verðlanaskrár, firma og prókúru-umboð, hafa eptirgreind firmu verið tilkynnt til innfærslu á verðlanaskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Margrjet Þorbjörg Jensen í Reykjavík rekur þar verzlun, fiskiveiðar og síldveiðar með firmanafninu: »Verzlunin Godthaab«.

Thor Jensen er prókúruhafi. Undirskript:
pp. Verzlunin Godthaab.

Thor Jensen.

2. Ásgeir Sigurðsson kaupmaður rekur verzlun í Hafnarstræti nr. 12 í Reykjavík með firmanafninu: »Verzlunin Edinborg«.

Undirskript: Verzlunin Edinborg.

Ásgeir Sigurðsson.

3. Christiane Frederikke Duus ekkjufrú og Ólafur Ásbjörn Ólafsson kaupmaður í Kaupmannahöfn og Reykjavík reka verzlun í Reykjavík með firmanafninu:

»H. P. Duus«. Firmanafnið rita þau hvort fyrir sig með fullu gildi og fullri ábyrgð, Undirskript: **160**

»H. P. Duus«.

4. Hans Andersen og Ludvig Andersen klæðskerar í Reykjavík reka þar í fjelagi skráðaraiðn með firmanafninu: »H. Andersen & Sön«. Eign þeirra í fjelaginu hvors um sig óákveðin, en þeir hafa einn fyrir báða og báðir fyrir einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og hvor fyrir sig rjett til að rita það. Undirskript: »H. Andersen & Sön«.
5. Eyvindur Árnason og Jón Jónsson Setberg trjesmiðir í Reykjavík reka þar trjesmiðaiðn með firmanafninu: »Eyvindur og Jón Setberg«. Tillag þeirra er 11,000 kr. hvors, og að öðru leyti hafa þeir einn fyrir báða og báðir fyrir einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Þeir geta hvor fyrir sig ritað firmað með fullu gildi og fullri ábyrgð þannig: »Fjelagið Eyvindur og Jón Setberg«.
6. Hlutfjelagið »Völundur« í Reykjavík rekur þar timburverzlun með firmanafninu: »Hlutfjelagið Völundur«. Lög félagsins samþykkt 25. febr. 1904. Höfuðstóll 13,500 kr., skiptist í 45 hluti á 300 kr., er hljóða upp á handhafa; þar af greiddar 7,700 kr.; eptirstöðvar má innheimta fyrir 1. júlí 1904. Höfuðstóllinn má hækka í 20,000 kr. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í eittthvert opinbert blað í Reykjavík. Stjórn fjelagsins: Magnús Blöndahl, Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason trjesmiður, rita firmað í heild sinni þannig:

pr. Hlutfjelagið Völundur.

Hjörtur Hjartarson. Magnús Blöndahl. Sigvaldi Bjarnason.

7. Hlutfjelagið »Mjólnir« í Reykjavík rekur þar steinsteypugerð og grjótmulning með firmanafninu: »Hlutfjelagið Mjólnir«. Samþykktir dags. í desembermán. 1903. Höfuðstóll 20,000 kr., skiptist í 400 hluti á 50 kr., er hljóða á handhafa. Af þeim eru 7 óseldir, 7 ógreiddir að hálfu leyti, en gjalddagi þeirra er 1. ág. þ. á. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í blað það í Reykjavík, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Stjórn fjelagsins eru: Knud Zimsen verkfræðingur, Sturla Jónsson kaupmaður og Jón Jakobsson forn-gripavörður. Firmað rita þeir allir saman þannig:

»Fyrir hönd hlutfjelagsins Mjólnis í Reykjavík«.

K. Zimsen. Sturla Jónsson. Jón Jakobsson.

8. Hlutfjelagið »Ísfjelagið við Faxaflóa« rekur atvinnu í Reykjavík við frysting sildar, kjöts og annara matvæla með firmanafninu: »Ísfjelagið við Faxaflóa«. Samþykktir dags. 5. nóv. 1894. Höfuðstóll 10,000 krónur, skiptist í 200 hluti á 50 kr., sem hljóða á nafn og allir eru greiddir. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í blað það í Reykjavík, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Stjórn fjelagsins: Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, C. Zimsen konsúll og Sturla Jónsson kaupmaður. Þeir rita firmað allir saman þannig:

Ísfjelagið við Faxaflóa — hlutfjel. —

Tr. Gunnarsson. C. Zimsen. Sturla Jónsson.

- 160 9. Hlutaðjfélagið »Klæðaverksmiðjan Íðunn« rekur í Reykjavík ullartóvinnu og klæðagerð með firmanafninu: »Klæðaverksmiðjan Íðunn«. Lög fjelagsins eru dags. 12. mǫrz 1903. Í stjórn fjelagsins eru: Jón Magnússon skrifstofustjóri, C. Zimsen konsúll og Ólafur Ólafsson umsjónarmaður, og hafa þeir rjett til að rita firmað allir saman. Höfuðstóllinn 35,000 kr. skiptist í 70 hluti á 500 kr., sem allir eru greiddir að fullu og hljóða á nafn. Auglýsingar til fjelagsmanna skal birta í blaði því í Reykjavík, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Undirskrift firmans er:

Klæðaverksmiðjan Íðunn — hlutaðjfel. —

Jón Magnússon. C. Zimsen. Ólafur Ólafsson.

10. Firmað: »Fjelagsbakarið í Reykjavík, hlutaðjfelag«, rekur bakaraiðn í Reykjavík, og eru lög þess dagsett 18. febr. 1901. Í stjórn þess eru Björn Jónsson ritstjóri, C. Zimsen konsúll, og Björn Ólafsson augnlæknir, og hafa þeir rjett til að rita firmað allir í fjelagi. Höfuðstóll fjelagsins 21,000 kr. skiptist í 21 hlut á 1000 kr., sem eru greiddir að fullu og hljóða upp á nafn. Auglýsingar til fjelagsmanna eru birtar þeim brjeflega. Undirskipt firmans er:

Fjelagsbakarið í Rvík, hl.fjel.

Björn Jónsson. C. Zimsen. Björn Ólafsson.

11. Firmað: »Reknetafjelagið við Faxaflóa, hlutaðjfelag« í Reykjavík rekur sildveiði með reknetum. Lög þess eru samþykkt 15. jan. 1900. Í stjórn fjelagsins eru: Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Ásgeir Sigurðsson kaupmaður í Reykjavík og Jón Jónsson bóndi í Melshúsum, og hafa þeir rjett til að rita firmað allir í fjelagi. Höfuðstóll fjelagsins 8100 krónur, skiptist í 162 hluti, er nema 50 kr. hver, hljóða upp á nafn og eru að fullu greiddir. Auglýsingar til fjelagsmanna skulu birtar í blaði því í Reykjavík, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar. Undirskript firmans er:

Reknetafjelagið við Faxaflóa, hl.fjel.

Tryggvi Gunnarsson. Ásgeir Sigurðsson. Jón Jónsson.

12. Firmað: »Ábyrgðarfjelag þilskipa við Faxaflóa«, innbyrðis tryggingarfjelag í Reykjavík, tekur í ábyrgð skip fjelagsmanna gegn sjávarháska, og ábyrgjast allir fjelagsmenn í sameiningu hvert skip, eptir rjettri tiltölu við það, sem þeir hafa keypt ábyrgð í fjelaginu. Lög fjelagsins eru dags. 21. febr. 1898, endurskoðuð 2. febr. 1904. Í stjórn fjelagsins eru: Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Jes Zimsen kaupmaður í Reykjavík og Jón Jónsson bóndi í Melshúsum og hafa þeir rjett til að rita firmað allir í fjelagi. Prókúruhafi er C. Zimsen kaupmaður. Auglýsingar til fjelagsmanna skal birta í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík.

Undirskript firmans er:

Ábyrgðarfjelag þilskipa við Faxaflóa, hl.fjel.

Tryggvi Gunnarsson. Jón Jónsson Melshúsum. Jes Zimsen.

eða: pp. Ábyrgðarfjelag þilskipa við Faxaflóa, hl.fjel.

C. Zimsen.

13. Hlutaðjfélagið »Slippfjelagið í Reykjavík« rekur þar atvinnu með því firma-

nafni, og er atvinnan í því fölginn, að draga þilskip á land á dráttarbraut (Slip) til viðgerðar, og láta í tje viðeigandi efni. Lög fjelagsins dags. 21. okt. 1902. Stjórn: hluthafarnir Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Ásgeir Sigurðsson kaupmaður og Jes Zimsen kaupmaður. Höfuðstóll 23,100 kr., skiptist í 231 hlut, 100 kr. hvern, er hljóða upp á nafn. Hlutað fjeld allt greitt. Stjórnin í fjelaginu hefir rjett til að rita firmað og undirskrifar:

Fyrir hönd Slippfjelagsins.

Tryggvi Gunnarsson. Ásgeir Sigurðsson. Jes Zimsen.

14. D. Thomsen konsúll rekur magasín-verzlun í Reykjavík undir firmanafninu H. Th. A. Thomsen, er skiptist í sjerdeildir, og ennfremur iðnað í ýmsum greinum svo sem: húsgagnasmíði, vindlagerð, brjóstsýkursgerð, gosdrykkjagerð, klæðasaum og kjólasaum.

Prókúruhafi er: Hannes Thorarensen.

Undirskript eiganda:

H. Th. A. Thomsen.

Undirskript prókúruhafa:

pp. H. Th. A. Thomsen.

H. Thorarensen.

15. Halldór Þórðarson bókbíndari, Þorleifur Jónsson póstaðgreiðslumaður og Ólafur Ólafsson prentari, allir í Reykjavík, reka þar prentið í fjelagi með firmanafninu »Fjelagsprentsmiðjan«. Tillög, sem þeir hafa lagt í fjelagið, eru: Halldórs Þórðarsonar 7000 kr., Þorleifs Jónssonar 3,500, og Ólafs Ólafssonar 1,750 kr.; þeir ábyrgjast skuldir fjelagsins pro rata með aleigu sinni. Samþykktir fjelagsins eru dags. 2. júní 1890, 1. maí 1891 og 29. ágúst 1904. Halldór Þórðarson hefir rjett til að rita firmað, og ritar hann:

pr. Fjelagsprentsmiðjan

Halldór Þórðarson.

16. »Talsímahlutafjelag Reykjavíkur«. Stofnað til þess að koma á og halda við talsímasambandi í Reykjavík og grend. Samþykktir dagsettar 5. oktbr. 1904. Stjórn fjelagsins er: ingeniör Knud Zimsen formaður, kaupm., Thor Jensen gjaldkeri og landritari Kl. Jónsson. Stjórnin getur skuldbundið fjelagið og eignir þess. Höfuðstóll 7000 krónur, er skiptist í 70 hluti; stofnfjeld má auka upp í 15,000 kr. Hlutað fjeld er allt teiknað og greiðist þegar krafist verður 50% 15. nóv. 1904 og 50% 15. janúar 1905. Hlutað fjeldin hljóða upp á handhafa, en þó má skrá nafn eiganda á hlutað fjeldaskrána. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í blað það, er flytur stjórnvaldaauglýsingar.

17. Hlutað fjeldin »Högni« rekur undir því firmanafni atvinnu í Reykjavík við grjótklofning og höggning til húsaýggingar og annara mannvirkja. Lög fjelagsins eru dagsett 14. apríl 1904. Stofnfjeld er 1000 kr. og skiptist í 80 hluti 12 kr. 50 a. hver, sem allir eru seldir og $\frac{2}{3}$ af þeim greiddir, $\frac{1}{3}$ á að greiðast við árslok 1904. Auka má stofnfjeld upp í 2000 kr. Hlutað fjeldin hljóða á handhafa. Í stjórn fjelagsins eru steinsmiðirnir Gísli Þorkels-

160

son, Stefán Egilsson og Páll Ólafsson. Stjórnin í heild sinni hefir heimild til að rita firmað. Tilkynningar til fjelagsmanna skulu birtar í blaðinu »Reykjavík«. Undirskript firmans er:

Fyrir hönd hlutafjelsins »Högni« í Reykjavík.

Gisli Þorkelsson. Stefán Egilsson. Páll Ólafsson.

II. Árnessýsla:

1. Jakob Andreas Lefolli í Kaupmannahöfn rekur verzlun á Eyrarbakka með firmanafninu: »J. R. B. Lefolli«. Undirskript: »J. R. B. Lefolli«.
2. Jón Jónasson og Sigurður Einarsson á Stokkseyri reka verzlun þar með firmanafninu: »Jón Jónasson & Co.« Firmað rita þeir hvor fyrir sig með fullu gildi og fullri ábyrgð þannig: »Jón Jónasson & Co.«.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Sparisjóður Stykkishólms, stofnaður 9. október 1891, gegnir vanalegum sparisjóðsstörfum. Tala ábyrgðarmanna er sem stendur 21, og ábyrgist hver skuldbindingar sjóðsins með 200 kr. Samþykkt sjóðsins er frá 7. apríl 1900. Fundir skulu birtir í einhverju opinberu blaði. Í stjórninni eru: Lárus H. Bjarnason sýslumaður, Sæmundur Halldórsson kaupmaður og Ágúst Þórarinsson verzlunarmaður. Tveir stjórnendur í sameiningu rita firmað.
2. Hlutafjlagið »N. Chr. Grams-Handel«, heimilisfast í Kaupmannahöfn, rekur verzlun í Stykkishólmi. Höfuðstóll fjelagsins er 167,000 kr., skiptist í 1,000 kr. hluti, er hljóða upp á handhafa og er fullgreiddur. Samþykkt fjelagsins er frá 15. maí 1903. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Kaupmannahafnarblaðið »Nationaltidende«. Í stjórninni eru: Carl Johan Adolph, Einar Adolph, Frantz Thestrup Adolph, F. Grüner og August Viggo Raa-Schou. Tveir af stjórnendunum í sameiningu rita firmað. Holger Adolph er prókúruhafi.
3. Hlutafjlagið »Olafsviks Handel«, heimilisfast í Kaupmannahöfn, rekur verzlun í Ólafsvík og hefur útbú á Sandi. Höfuðstóllinn er 100,000 kr., skiptist í 100 kr. og 1000 kr. hluti, er hljóða á handhafa og er fullgreiddur. Birtingar til fjelagsmanna skal setja í eitthvert Kaupmannahafnarblad. Samþykkt fjelagsins er frá 20. maí 1902. Í stjórn fjelagsins eru: Carl Johan Adolph, W. Stephensen, Frantz Thestrup Adolph, Emil Davidsen, Holger Adolph og Björn Sigurðsson. Tveir af stjórnendunum í sameiningu eða Framkvæmdarstjórinn einn, Holger Adolph, rita firmað.

IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður:

1. Sigríður Maren Ásgeirsson og Ásgeir Guðmundur Ásgeirsson í Kaupmannahöfn reka verzlun á Ísafirði með útbúum á Flateyri, Hesteyri og Arngerðareyri með firmanafninu: Á. Ásgeirsson.
2. Emil Strand og Jens Ouse á Ísafirði reka með firmanafninu: Emil Strand & Co. verzlun með íslenzkar afurðir, sjerstaklega lifrabræðslu.
3. Kaupfjlag Ísfirðinga rekur verzlun á Ísafirði samkvæmt samþykkt 11. fe-

brúar 1903 og viðauka við hana 3. febrúar 1904. Allir fjelagsmenn ábyrgjast og minnst 3 vörupöntun samkvæmt skrá, er þeir undirrita. Tillög eru 1% af upphæð pöntunariunnar, minnst 2 kr. í kostnaðargjald og 3% í varasjóð. Í stjórn eru formaður og 2 meðstjórnarmenn. Heimild til að rita firmað hefur Helgi Sveinsson á Ísafirði.

4. S. Í. Godö frá Aalesund í Noregi rekur lifrarbræðslu til meðalalýsis á Ísafirði, Bolungarvík og Hnífsdal. Prókúru hefur E. Frisvold Bolungarvík.
5. Samkvæmt samþykktum 11. marz 1887 og 21. apríl 1898 rekur Aktieselskabet Nye Danske Brandforsikringsselskab váttrygging gegn iðgjöldum. Í stjórn eru formaður, skrifari og 6 tilsjónarmenn. Rjett til að rita firmað hafa: L. E. Bramsen og L. H. F. Larsen, báðir í Kaupmannahöfn. Prókúru hafa C. Jespersen og I. N. Petersen í Kaupmannahöfn í sameiningu. Höfuðstóll 4 miljónir króna, skipt á 2000 hlutabréf á 2000 kr. hvert, er hljóða á nafn. Af hlutunum eru greiddir 10% og afganginn skylt að greiða við kröfu. Auglýsingar birtist í blaði því í Danmörku, sem ætlað er til opinberra auglýsinga.
6. »Bátaábyrgðartjelag Ísfirðinga« tekur samkvæmt lögum þess 19. sept. 1903 að sjer sjótrygging fyrir opna fiskibáta í Ísafjarðarsýslum gegn því, að hver fjelagi greiði 1% af hinni váttryggðu upphæð í innskriptargjald og 2% af sömu upphæð í váttryggingargjald. Í stjórn eru formaður, gjaldkeri og ritari og ritar stjórnin firmað í sameiningu, en í henni eru: Jón Laxdal, Árni Sveinsson og S. I. Nielsen.
7. Jón Laxdal á Ísafirði tilkynnir, að »Lifrarbræðsluhlutafjelagið« kaupi lifur og bræði meðalalýsi í Ísafjarðarsýslu. Samkvæmt lögum þess 31. okt. 1903 er Jón Laxdal á Ísafirði framkvæmdarstjóri og ritari einn firmað. Höfuðstóll fjelagsins er 3000 kr., er skiptist í 4 staði, og eru hlutirnir að upphæð 750 kr. og af hverjum hlut greiddar 675 kr.
8. Eðvarð Ásmundsson Ísafirði tilkynnir, að »Sildveiðahlutafélag Eðvarðs Ásmundssonar« reki sildveiðar á Ísafirði. Framkvæmdarstjóri er Eðvarð Ásmundsson og er undirskript hans gild. Höfuðstóllinn er 3000 kr., skipt í 3 hluti, er hljóða á nafn. Allt hlutafjæð er greitt.
9. »Hlutafjelagið Ísfirðingur« rekur sildveiðar í Ísafjarðardjúpi. Samþykkt 30. marz 1899. Í stjórn F. Thordarsen formaður, Jón Laxdal gjaldkeri og Guðm. Sveinsson ritari og ritar hún firmað í sameiningu. Höfuðstóll 5000 kr., er skiptist í 500 kr. hluti á nafn. Af höfuðstólnum greiddar 4650 kr.
10. »Íshúshlutafjelag Hnífsdælinga« rekur verzlun með ís, frysta sild m. m. Samþykkt 11. ágúst 1902 og í stjórn: Guðm. Sveinsson formaður, Jón Laxdal gjaldkeri og Jónas Þorvarðsson ritari. Heimild til að rita firmað hefir stjórnin í sameiningu. Höfuðstóll 4000 kr., er skiptist í minnst 200 kr. hluti á nafn og er allt hlutafjæð greitt.

V. Húnavatnssýsla

1. Ekkjufrú Anna Margrethe Höepfner fædd Petersen, í Kaupmannahöfn rekur

160

verzlun á Blönduósi með firmanafninu »Carl Höepfner«. Stórkaupmaður Erik Arthur Sørensen í Kaupmannahöfn hefur prókúru.

2. Ekkjufrú Anna Margrethe Höepfner fædd Petersen, í Kaupmannahöfn rekur verzlun á Skagatrönd með firmanafninu »Carl Höepfner«. Stórkaupmaður Erik Arthur Sørensen í Kaupmannahöfn hefur prókúru.
3. Sparisjóður Húnavatnssýslu stofnaður 7. febrúar 1891, gegnir vanalegum sparisjóðsstörfum. Sparisjóðurinn hefir heimilisfang á Blönduósi, er eign Húnavatnssýslu og stendur undir umsjón sýslunefndarmanna og oddvita þeirra. Lög sjóðsins eru frá 17. marz 1902. Í stjórninni eru: Gísli Ísleifsson sýslumaður, Pjetur Sæmundsson verzlunarstjóri og Árni Á. Þorkeiðsson sýslunefndarmaður.

Tveir stjórnendur í sameiningu rita firmað.

4. Hlutfjelagið »Hrossaræktunarfjelag Húnvetninga.«

Fjelagið er stofnað með lögum 20. apríl 1903 í þeim tilgangi að bæta innlent hrossakyn að stærð, kröptum, lit og fegurð. Hlutabryjef fjelagsins eru 30 að tölu, hvert upp á 50 krónur og hljóða upp á handhafa. Upphæð hlutabryjefanna er greidd að $\frac{4}{5}$ hlutum, en $\frac{1}{5}$ greiðist fyrir lok aprílmánaðar 1905.

Í stjórn fjelagsins eru: Gísli Ísleifsson sýslumaður, Júlíus Halldórsson hjeradslæknir, Guðmundur Björnsson cand. juris, Magnús Steindórsson sjálfs-eignarbóndi og Hermann Jónasson alþingismaður.

VI. Skagafjarðarsýsla.

1. Hlutfjelagið »Gránufjelagið« rekur verzlun á Sauðárkrók í Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu. Undirskript Stefáns Jónssonar verzlunarstjóra á Sauðárkrók ein er gild fyrir fjelagsins hönd við þessa verzlun. Samþykktir fjelagsins eru gerðar. Heimili fjelagsins er á Oddeyri. Í stjórn fjelagsins eru prófastur Davíð Guðmundsson á Hofi, bóksali Friðbjörn Steinsson á Akureyri og ritsjóri Björn Jónsson á Oddeyri. Höfuðstóllinn er 100 þúsundir króna, skipt í 2000 hluti að upphæð 50 krónur, sem hljóða á nafn. Nafnverð hlutabryjefanna er allt greitt.

Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í opinbert blað.

VII. Eyjafjarðasýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. J. V. Havsteen til heimilis á Akureyri rekur þar verzlun með firmanafninu J. V. Havsteen's verzlun á Oddeyri í Akureyrarkaupstað.
2. Enkefru Anna Margrethe Höepfner, födt Petersen, boende i København, driver Handelsforretning i Akureyri, Island, under Firma »Carl Höepfner«, og er Forretningens Indehaver og ansvarlige Deltager. — Grosserer Erik Arthur Sørensen af København har Prokura.
3. Grosserer Erik Arthur Sørensen, boende i København, driver Handelsforretning i Akureyri i Island under Firma »Gudmanns Efterfølger«, og er Forretningens Indehaver og ansvarlige Deltager.
4. Friðrik Kristjánsson og Magnús Kristjánsson kaupmenn á Akureyri reka þar

- í fjelagi verzlun og fiskiveiðar með firmanafninu »F. & M. Kristjánsson«
Firmanafnið ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð. Undirskript:
F. & M. Kristjánsson.
5. Stefán Sigurðsson og Einar Gunnarsson til heimilis á Akureyri reka þar verzlun undir firmanu: »Verzlun S. Sigurðsson'ar og E. Gunnarsson'ar«. Verzlunin er að eins eign þeirra tveggja, og hafa þeir báðir rjett til að rita firmað.
 6. Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson báðir til heimilis á Akureyri, reka þar í fjelagi trjesmiðaiðn og verzlun með firmanafninu: »J. Gunnarsson & S. Jóhannesson«. Firmað ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.
 7. Verzlunarfirmað «Gránufjelag» er stofnað eptir fjelagslögum 1870. Nügildandi lög þess eru dagsett 8. septbr. 1876, og breytingar og viðauki frá 12. septbr. 1898. Fjelagið er stofnað til að reka verzlun, og hefir það að atvinnu enn. Fjelagið á heima á Akureyri, og rekur hjer verzlun; auk þess rekur það verzlun á Saudárkrók og Grafarós í Skagafjarðarsýslu, á Siglufirði í Eyjafjarðarsýslu og á Vestdalseyri í Seyðisfjarðarkaupstað. Hluta-brjef fjelagsins eru 2000 að tölu, hvert upp á 50 kr. og hljóða upp á handhafa, og eru þau öll seld. — Framkvæmdarstjóri og kaupstjóri fjelagsins er Christen Havsteen, og eru samningar þeir, er hann gjörir fyrir fjelagið skuldbindandi fyrir það. Í stjórn fjelagsins eru nú sem stendur: Davíð Guðmundsson, Frb. Steinsson og Björn Jónsson.
 8. Hlutfjelagið »Brauðgerðarfjelag Akureyrar« er stofnað með lögum 5. marz 1901. Fjelagið er stofnað til að framieida brauð, og fæst eingöngu við það starf; það á heimili í Akureyrarkaupstað. Hluta-brjefaupphæð fjelagsins er 6100 kr. og er skipt í 122 hluta-brjef, og er hvert upp á 50 kr., en fjölga má hluta-brjefunum með fundarsamþykkt fjelagsmanna. Andvirði tjedra hluta-brjefa er að fullu greitt. Hluta-brjefin hljóða upp á nafn eiganda, en skuldbinda þó eigi til neinná fjárframlaga, þótt fjelagið lendi í fjárþröng. Framkvæmdarstjóri fjelagsins er Snorri kaupmaður Jónsson á Akureyri og gerir bindandi samninga fyrir það; í stjórnarráði þess eru Björn Jónsson, Kolbeinn Árnason og Þorvaldur Davíðsson.
 9. Verksmiðjufjelagið á Akureyri, sem er hlutfjelag með takmarkaðri ábyrgð, rekur ullariðnað á Akureyri með firmanafninu: »Verksmiðjufjelagið á Akureyri, limit«. Lög fjelagsins eru samin 18. desbr. 1902 og staðfest á fundi fjelagsins 30. marz 1904. Höfuðstóll skal vera minnst 30,000 kr., er skiptist í 30 hluta-brjef að upphæð 1000 kr. hvert, og eru þau að fullu greidd og stíluð á nafn eiganda. Aðalfundi skal auglýsa í blaði á Akureyri með mánadar fyrirvara; aðrar tilkynningar til fjelagsmanna skal gera brjeflega. Í stjórn fjelagsins eru kaupmennirnir Friðrik Kristjánsson og Þorvaldur Davíðsson á Akureyri og Sigurður Jónasson bóndi á Bakka. Verksmiðja sú, sem fjelagið á nú, heitir »Tóverksmiðjan á Akureyri«. Undirskript firmans er: fyrir Verksmiðjufjelagið á Akureyri limit.

Fr. Kristjánsson.

- 160** 10. Hlutaðjfélagið »Eyjaðjörður« er stofnað 12. nóvbr. 1903. Atvinna: kjöt- og fiskisala og pylsugerð. Skrifstofa er í Akureyrarkaupstað. Upphæð hlutaðjársins er kr. 5000, hver hlutur kr. 250, eigi innborgað að fullu, má krefjast innborgunar að fullu fyrir 1. maí 1905. Í stjórn fjelagsins eru: V. Sigfússon, M. B. Blöndal og Júlíus Sigurðsson, allir búsettir á Akureyri og þurfa allir að rita firmað. Hlutaðbrjefin hljóða upp á nafn.
11. Firmaet »O. Wathnes Arvinger, Aktieselskab« har til Formaal at drive Skibsrederi, Handel og Fiskeri. Selskabets Love ere af 16. Decbr. 1898. Í Selskabets Bestyrelse ere: Peter Dines Petersen af København, Tønnes Chr. Wathne og Carl Martin Wathne af Stavanger samt Fred. Ferd. Wathne i Seydistjorð. Ret til at tegne Firmaet har P. D. Petersen alene, eller to af de andre Bestyrelsesmedlemmer i Forening. Aktiekapitalen er 420,000 Kr. fordelt paa 420 Aktier á 1000 Kr., der lyde paa Ihændehaveren, men kunne dog noteres paa Navn. Aktiekapitalen er fuldt indbetalt. Bekendtgørelse til Medlemmerne skal ske ved anbefalet Brev eller i »Berlinske Tidende«.
12. Sigvaldi Þorsteinsson, Oddur Björnsson og Kristján Nikulásson, allir til heimilis á Akureyri tilkynna, að »kaupfjélag Akureyrarkaupstaðar« sje stofnað í þeim tilgangi, að útvega fjelagsmönnun vörur gegn peningum. Hver fjelagsmaður greiðir 50 aura í inngangseyri og á hlut í eignum fjelagsins og tekur þátt í skaða þeim, er það kann að biða í hlutfalli við vörukaup hans það reikningsár. Lög fjelagsins eru frá 1. maí 1904. Í stjórn fjelagsins eru þeir Sigvaldi Þorsteinsson, Oddur Björnsson og Kristján Nikulásson og rjett til að skuldbinda fjelagið hefir stjórnin ein.
13. Kolbeinn Arnason og Ásgeir Pjetursson, kaupmenn á Akureyri, reka þar í fjelagi verzlun og fiskiveiðar með firmanafninu »Kolbeinn & Ásgeir«. Firmað ritar hvor um sig með fullu gildi og fullri ábyrgð.

VIII. Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Þórarinn kaupmaður Guðmundsson á Seyðisfirði rekur verzlun í Seyðisfjarðarkaupstað með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: »V. T. Thostrups Efterfølger«. Hann ritar sjálfur firmað með sínu eigin nafni, en hefir firmanafnið prentað eða skrifað á reikninga, umslög o. s. frv.
2. Sigurður kaupmaður Jónsson á Seyðisfirði rekur verzlun með ótakmarkaðri ábyrgð í Seyðisfjarðarkaupstað undir firmanafninu: »Framtíðin«. Hann ritar einn firmað með sínu eigin nafni, en hefir firmanafnið prentað á reikninga, umslög o. s. frv.
3. Firmað »O. Wathnes Arvinger«, hlutaðjélag, rekur skipaútgerð, verzlun og fiskiveiðar. Lög fjelagsins eru dagsett 16. desbr. 1898. Í stjórn fjelagsins eru: Peter Dines Petersen í Kaupmannahöfn, Tønnes Chr. Wathne og Carl Martin Wathne í Stavangri og Fredrik Ferd. Wathne á Seyðisfirði. Rjett til þess að rita firmað hefir P. D. Petersen einn og tveir af hinum stjórnendunum saman. Hlutaðjéð er 420,000 krónur, skipt niður á 420 1000 króna hlutaðbrjef, sem hljóða á handhafa, en mega þó hljóða upp á nafn.

Hlutfjedi er innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu vera í 160 ábyrgðarbrjefi eða í Berlingatíðindum. Heimili fjelagsins er í Kaupmannahöfn, en það rekur verzlun á Seyðisfirði.

4. Firmað »Örum & Vulff«, hlutafélag, rekur verzlun á Íslandi og með islenzkar vörur. Lög fjelagsins eru dagsett 22. febr. 1895. Í stjórn fjelagsins eru: Johannes Henrik Emil Zöylner, Carl Winther og Sören Christjan Knudtson og hafa þeir rjett til að rita firmað í fjelagi. Prókúru hafa þeir Gustav Iversen og Vilhelm Martin Bache hver fyrir sig. Hlutfjedi er 462,000 krónur skipt niður á hlutabrfef, sem hljóða upp á nafn og eru 5000 kr. og 1000 kr. að upphæð. Hlutfjedi er innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í blað það, er flytur opinberar auglýsingar. Heimili fjelagsins er í Kaupmannahöfn, en það rekur verzlun á Vopnafirði og víðar hjer á landi.
5. Hlutfjelagið »Gránuffelag« rekur verzlun á Íslandi. Nógildandi lög þess eru dagsett 8. sept. 1876 og breytingar og víðauki 12. sept. 1898. Í stjórn fjelagsins eru sem stendur: Davíð Guðmundsson, Friðbjörn Steinsson og Björn Jónsson. Framkvæmdarstjóri og kaupstjóri fjelagsins er Christen Havsteen og eru samningar þeir, er hann gerir fyrir fjelagið, skuldbindandi fyrir það. Hlutfjedi er 100,000 krónur, skipt niður á 2000 hlutabrfef á 50 kr. hvert, er hljóða upp á nafn og eru að fullu innborguð. Fjelagið á heima á Akureyri, en rekur verzlun á Vestdalseyri í Seyðisfjarðarkaupstað og víðar.
6. Firmað »Pöntunarfjelag Fljótsdalshjeraðs« pantar útlendar vörur fyrir fjelagsmenn og annast um sölu á innlendum vörum þeirra og hefir auk þess söludeild á Seyðisfirði. Lög þessi eru dagsett 22. nóvember 1899. Í stjórn fjelagsins eru sem stendur: Einar prófastur Jónsson á Kirkjubæ formaður, og meðstjórñendur Jón sjálfseignarbóñdi Bergsson á Egilsstöðum og Gunnar hrepstjóri Pálsson á Ketilsstöðum, og þarf undirskript þeirra allra til að skuldbinda fjelagið. Pöntunar- og söludeildarstjóri er Jón Stefánsson. Meðlimir hinna einstöku deilda fjelagsins ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir deildarinnar. Stjórnin kveður til funda í fjelaginu á þann hátt er henni sýnist.
7. Þorsteinn kaupmaður Jónsson á Bakkagerði í Borgarfirði rekur þar verzlun og sjávarútveg. Hann rekur og verzlun við Óshöfn í Hjaltastaðarhreppi. Atvinnugreinir þessar rekur hann einn með fullri ábyrgð undir firmanafninu: »Thorst. Jónsson«, er hann hefir einn rjett til að rita.
8. Kaupmaður Stefán Þorvaldur Jónsson á Seyðisfirði rekur með fullri ábyrgð verzlun og umboðsverzlun í Seyðisfjarðarkaupstað og þorsk- og síldarveiðar með þilskipum og bátum undir firmanafninu »St. Th. Jónsson«. Hefir hann einn rjett til að rita firmað.
9. Frú Ragna Jónsson og fröken Guðrún Kristjánsdóttir reka kontantverzlun í Seyðisfjarðarkaupstað án persónulegrar ábyrgðar undir firmanafninu »Her-

160

mes«. Starfsfje firmans er 500 krónur, að fullu innborgaðar. Þær rita hvor um sig firmað þannig:

pr. pr. »Hermes«
Ragna Jónsson

eða

pr. pr. »Hermes«
Guðrún Kristjánsdóttir.

10. Á aðalfundi pöntunarfélags Fljótssdalshjaraðs 16.—17. nóvember 1904 var lögum félagsins breytt í þá átt, að allir félagsmenn ábyrgjast in solidum peningalántökur stjórnarinnar handa félaginu. Jóni pöntunarstjóra Stefánsyni veitt prókúruumboð.

IX. Suðurmúlasýsla.

1. Hlutafélagið Örum & Wulff rekur verzlun á Djúpavogi og á Búðum í Fáskrúðsfirði. Samþykktir eru gjörðar 22. febrúar 1895. Í stjórn félagsins eru:

1. Jóhannes Henrik Emil Zöylner,
2. Carl Winther,
3. Sören Christian Knudtzon.

Höfuðstóllinn er 462,000 kr. í hlutum upp á 5000 kr. og 1000 kr. Hlutaféð er alt greitt. Hlutirnir hljóða upp á nafn. Heimild til að rita firmað hefir stjórnin öll í félagi. Prókúruhafi er Martin Bache.

Auglýsingar til félagsins skal birta í Berlingske Tidende.

2. Hlutafélagið O. Wathnes Arvinger rekur verzlun á Búðareyri við Reyðarfjörð. Samþykktir eru gjörðar 16. desbr. 1898. — Í stjórn félagsins eru:

1. Peter Dines Petersen,
2. Tønnes Chr. Wathne,
3. Carl Martin Wathne,
4. Fredr. Ferd. Wathne.

Höfuðstóll er 420,000 kr. í hlutum upp á 1000 kr., sem eru greiddir að fullu. Hlutirnir hljóða upp á handhafa, en mega hljóða upp á nafn.

Heimild til að rita firmað hefir P. Dines Petersen eða 2 af hinum stjórnendum félagsins í sameiningu.

Auglýsingar til félagsins skal senda með ábyrgðarbréfi eða birta þær í Berlingske Tidende.

Hlutafélagið rekur auk verzlunar síldveiði á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

X. Vestmanneyjasýsla.

1. »Sparisjóður Vestmanneyja« stofnaður 29. ágúst 1893, gegnir vanalegum sparisjóðsstörfum. Tala ábyrgðarmanna er 12, og ábyrgist hver þeirra

skuldbindingar sjóðsins með 100 krónum. — Samþykkt sjóðsins er frá 20. 160
apríl 1902. Í stjórninni eru sem stendur: Magnús Jónsson sýslumaður, Árni
Filippusson bókhaldari og Þorsteinn Jónsson læknir. Tveir stjórnendur í
sameiningu rita firmað.

Embættaskipun, lausn og veiting.

b. Veiting.

6. desbr. var hjeraðslæknir í Keflavíkurhjeraði Þorgrímur Þórðarson af stjórnarráð-
inu settur til þess að þjóna Hornafjarðarhjeraði til loka aprílmánaðar 1905.

s. d. var læknaskólakandidat Þorvaldur Pálsson af stjórnarráðinu settur til þess að
þjóna Keflavíkurhjeraði til loka aprílmánaðar 1905.

Laus prestaköll.

Sauðanes í Norðurþingeyjarprófastsdæmi (Sauðanessókn). Mat kr. 1506,74. Lands-
sjóðslán hvílir á prestakallinu, til að byggja íbúðarhús úr steini, samkv. lhbr. 16. sept. 1881
(Stj.tíð. B., bls. 79), að upphæð 4000 kr., sem afborgast og ávaxtast með 6% á 28 árum frá 17.
marz 1883.

Veitist frá næstu fardögum. Auglýst 16. desbr. 1904. Umsóknarfrestur til 31. janúar
1905.

Hruni í Árnesprófastsdæmi (Hruna- og Tungufellssóknir). Mat kr. 1294,27.

Prestsekkja er í brauðinu, sem næsta ár nýtur náðarárs af því og þar eptir í eptir-
laun kr. 94,27.

Lán úr landssjóði til íbúðarhússbyggingar hvílir á brauðinu að upphafi 2,800 kr. sam-
kvæmt lhbr. 21. okt. 1897, sem afborgast með 100 kr. árlega á 28 árum (Stj.tíð. 1897, B.
bls. 247).

Veitist frá næstu fardögum. Auglýst 16. desbr. 1904.

Umsóknarfrestur til 31. janúar 1905.